



31. ágúst 2020
2008172


Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Með tölvupósti dags. 26. ágúst 2020, óskaði fjárlaganefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun nr. 10/148 um fjármálastefnu 2018-2022, 968. mál á 150. löggjafarþingi.

Samkvæmt nýrri þjóðhagsspá Seðlabankans sem birt er í *Peningamálum* 2020/3 eru horfur á liðlega 7% samdrætti landsframleiðslu í ár. Þar vegur þyngst mikil fækkun í komum ferðamanna til landsins. Útlit er fyrir að atvinnuleysi aukist mikið og verði um 10% undir lok ársins. Samkvæmt spá bankans taka efnahagssumsvif smám saman að færast í eðlilegt horf og er spáð 3½% hagvexti á næsta ári. Óvissan er hins vegar mikil og þróun efnahagsmála mun ráðast af framvindu farsóttarinnar. Það þarf því ekki að koma á óvart, að viðmið nágildandi fjármálastefnu um skuldir og afkomu á rekstri ríkissjóðs haldi ekki og að þau viðmið séu endurskoðuð, enda grundvallarforsendur fjármálastefnunnar brostnar.

Ekki er unnt að gera ítarlega úttekt á fjármálastefnunni innan þess stutta tímafrests sem gefin er en ítarlegri greiningu á ríkisfjármálum og aðhaldsstigi þeirra verður að finna í *Peningamálum* 2020/4, sem koma munu út 18. nóvember næstkomandi og sem birt verða á heimasíðu Seðlabankans, og vísast nánar til þess. Þá tekur bankinn ekki afstöðu til þess hvar afkomu- og skuldaviðmið fjármálastefnunnar skulu liggja enda þar um að ræða stefnumarkandi ákvörðun ríkisfjármála.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Rannveig Jóníusdóttir
framkvæmdastjóri
skrifstofu bankastjóra


Þórarinn G. Pétursson
aðalhogfræðingur